

Umsókn um styrk

Vefumsókn um styrk

Umsókn um styrk fyrir:

Nafn: *	<input type="text" value="Jafnréttishús ehf"/>	Kennitala: *	<input type="text" value="5804081170"/>
Netfang:	<input type="text" value="jafn@jafn.is"/>	Sími: *	<input type="text" value="5340107"/>
Styrkur:*	<input type="text" value="Menningarstyrkur"/>		

Forsvarsmaður ef um félag er að ræða:

Athugið að félög geta því miður ekki sótt um í gegnum íbúagáttina og því þarf kennitölu forsvarsmanns á umsókn. Þessu verður breytt fljótlega.

Nafn:	<input type="text" value="Jafnréttishús ehf"/>	Kennitala:	<input type="text" value="5804081170"/>
Netfang:	<input type="text" value="jafn@jafn.is"/>	Sími:	<input type="text" value="5340107"/>

Tilfni umsóknar, stutt lýsing á fyrirhuguðu verkefni: *

Með lýsingu skulu fylgja upplýsingar um markmið verkefnis, tíma- og verkáætlun og taka skal fram ef um samvinnu við aðra er að ræða.

Verkefnið er hugsað fyrir konur, íslenskar og erlendar í Hafnarfirði sem fá aðstoð frá velferðarkerfinu. Þær munu hittast þrisvar í viku, fjóra tíma í senn, í 10 vikur í samtals 120 klukkustundir þar sem þær taka þátt í fræðslu um samfélagið og fá hjálp í að styrkja sjálfsmynd sína. Auk þess býðst þeim

Upplýsingar um styrk:

Styrkupphæð: *	<input type="text" value="2.830.000 kr"/>
Kostnaðaráætlun: *	<input type="text" value="2.830.000 kr"/>
Fylgir kostn.áætlun:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Áður sótt um:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Var styrkur veittur:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei



Saman byggjum við betri Hafnarfjörð

Verkefni um aðlögun og virkni fyrir konur

Markmið Jafnréttishúss er að brjóta niður hindranir milli samfélagshópa með því að sinna fræðslu fyrir bæði innflytjendur og Íslendinga með námskeiðahaldi og verkefnum því tengdu. Í rannsóknum sem gerðar voru á vegum Rauða Kross Íslands árið 2006, Kvennaathvarfsis árið 2011 og Fjölmenningarsetursins árið 2013 kom í ljós að margar erlendar konur eru félagslega einangraðar, ekki síst þær sem eru heimavinnandi og tala hvorki íslensku né ensku. Þess vegna vill Jafnréttishús beina athygli sinni fyrst og fremst að þessum hópi .

Í baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun tókum við fullan þátt. Það gerum við með því að auka fjölbreytni úrræða og halda námskeið með það að markmiði að bæta aðstæður tekjulágra hópa og fjölskyldna, atvinnulausra og fólks með skerta starfsgetu. Við bjóðum upp á verkefni þar sem unnið er gegn fordómum sem einstaklingar upplifa vegna aðstæðna sinna þar sem unnið er að því að ýta undir félagslega virkni fólks sem hætt er við einangrun vegna langtímaatvinnuleysis eða bágra aðstæðna.

Það hefur sýnt sig að til þess að ná árangri í nýju samfélagi hefur menningar- og félagsauður stórt hlutverk. Til að bæta menningarauð þarf að byggja upp félagslegan auð með samskiptum við aðra, gagnkvæmum kynnum og viðurkenningu. Við í Jafnréttishúsi getum aðstoðað innflytjendur við að byggja upp sjálfsmýnd og að mynda brú á milli fyrri sjálfsmýndar og þeirrar nýju með því að veita möguleika á menningarauði, viðurkenningu, þátttöku og virðingu. Mikilvægt er að taka tillit til tilfinningarlegra áhrifa sem innflytjendur ganga í gegnum í aðlögun sinni, sérstaklega hvað varðar hin miklu umskipti sem verða í lífi hans við að flytja í nýtt samfélag.

Markmið verkefnisins

Þetta verkefni miðar að því að veita félagslega einangruðum konum tækifæri á að hitta aðrar konur í öruggu og fordómalausum umhverfi. Þar sem þær geta deilt reynslu sinni, bakgrunni,



menningu, hefðum, gildum, vonum, kvíða og væntingum. Væntingar okkar til verkefnisins er að það skapi samfélag nándar, frjálsra skoðanaskipta og umræðna, sérstaklega á milli ólíkra menningarheima.

Verkefnið er hugsað fyrir konur, íslenskar og erlendar í Hafnarfirði sem fá aðstoð frá velferðarkerfinu. Þær munu hittast þrisvar í viku, fjóra tíma í senn, í 10 vikur í samtals 120 klukkustundir þar sem þær taka þátt í fræðslu um samfélagið og fá hjálp í að styrkja sjálfsmynd sína. Auk þess býðst þeim nám í ensku sem verður í boði fyrir báða hópana og íslenskunám fyrir útlendu konurnar. Ýmis handavinna verður einnig í boði, myndlist, tónlist, sund, lesefni, eldamennska og fleira. Hver dagur hefst með íslenskunámi sem tengist verkefnum dagsins. Stefnt er að því að hafa fjölbreytt og skemmtileg verkefni með áherslu á íslenskunám fyrir konur af erlendum uppruna. Unnið verður í samstarfi við Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Jafnréttishús leggur ríka áherslu á að blanda saman fólki af ólíkum uppruna til þess að gefa því tækifæri á að kynnast og læra af hvert öðru til að sporna gegn ýmis konar fordómum. Áhersla er lögð á menningar- og samfélagsfræðslu og mikilvægi hennar í aðlögunarferlinu. Í því felst að miklu leyti að kynnast íslensku samfélagi, íslenskri menningu og sögu, svo og að kynnast almennri þjónustu og stofnunum eins og skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu, húsnæðismarkaði, félagsþjónustu, kvennabaráttu o.fl. Í verkefninu verður lögð áhersla á samskipti á milli hópanna með það að markmiði að hvor hópurinn kynnist menningu hvers annars.

Námskeiðið verður 120 stundir, þar sem markmiðið er að draga úr félagslegri einangrun og gefa þátttakendum tækifæri á að mynda tengslanet og til að auka þekkingu þeirra á samfélaginu. Ætlunin er að skapa umhverfi þar sem konur hittast á jafningjagrundvelli með það að markmiði að þær kynnist, með því móti má draga úr fordómum á milli ólíkra menningarhópa.

Aðal markmið:-



° stofnanir samstarfsaðila til að ræða og ákveða, hvað telst vera "öruggt og fordómalaust" rými, sem sýnir einkum tillit til staðbundnar félagslegra og menningarlegra viðmiða.

° til að tryggja að konur, burtséð frá uppruna þeirra, geta talað frjálst um málefni sem eru félagslega óásættanleg, innanlands misnotkun; sambönd utan hjónabands; sambönd af sama kyni

· tækifæri til menntunar ·

· Konur á vinnustað

· Konur og stjórnmal

· Hefðir og menning sem móta líf konunnar

· Félagslega óásættanleg atriði

Kostnaðr áætlun

Jafnréttisús er að sækja um styrk frá Hafnarfjörðurkaupstaður til þess að halda verkefni

Íslenskukennsla = 120 kslt x 11.000 = 1.230.000 kr.

Efni fyrir myndlist = 120 x 10.000 = 1.200.000 kr.

Verkefnistjórn og vinnu = 300.000 kr.

Ferðir = 100.000 kr

Samtals : 2.830.000 kr